

- 104** Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins
 23. maí sé ekki að öllu leyti lögmatgur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941 um
 sparisjóði, svo og reglugerð um sparisjóði 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrir-
 mæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Sýslufundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir störf þeirra.

38. gr.

Stjórn sparisjóðsins getur gert breytingu á samþykkt þessari með samþykki
 sýslunefndar, en leita skal staðfestingar á breytingunni hjá stjórnardeild þeirri,
 sem fer með bankamál.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 23. maí 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

105

26. maí

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Bolungavík.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns
 á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnar-
 innar í Bolungavík.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi
 vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í sam-
 ráði við oddvita og hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón
 alla. Hreppsnefndinni skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunn-
 ar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatns-
 veitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að
 annast viðhald og viðauka við vatnsveituna og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim
 reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Hreppsnefndin hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu, gegn
 hæfilegu endurgjaldi.

Reikningsárið er almanaksár og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoð-
 aðir af endurskoðendum hreppsreikninganna og lesnir upp ásamt hreppsreikningi
 ár hvert

5. gr.

Hreppsnefndin lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupúnið, sem fært þykir
 og þörf krefur, svo húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað

almenningsvæði er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrir en svo er.

105
26. maí

6. gr.

Skýlt skal hverjum húseiganda og öðrum, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþrófu.

7. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

8. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípuum eða tækjum, eyða vatni að óþrófu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm hreppsnefndar. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

9. gr.

Af öllum íbúðarhúsum og öðrum slíkum húsum, þar sem vatns er þörf, skal greiða vatnsskatt og skal hann lagður á eftir fasteignamatsverði húsanna, sem hér segir:

| | | |
|--|-----|---|
| Af fyrstu kr. 8000.00 greiðist | 18 | % |
| — næstu — 4000.00 — | 12 | — |
| — næstu — 4000.00 — | 6 | — |
| — næstu — 4000.00 — | 3 | — |
| — því, sem þar er fram yfir greiðist | 1,5 | — |

Þó skal lágmark skattsins vera kr. 50.00 á hús.

Fyrir vatnshana utanhúss og í peningshúsum og öðrum hliðstæðum útihúsum skal greiða 10 kr.

10. gr.

Af húsum, sem vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald samkvæmt samningi við hreppsnefndina. Náist ekki samkomulag um upphæð gjaldsins, er heimilt að innheimta það eftir mæli, sem hér segir: Af fyrstu 500 smál. sé greitt kr. 0.50 af smálest, af næstu 500 smál. sé greitt kr. 0.25 af smál., af því, sem þar er fram yfir, greiðist kr. 0.10 af smálest.

11. gr.

Þegar ekki hefur verið samið sérstaklega um notkun vatns til fiskþvottar, skal greiða 15 aura fyrir hvert skippund af fiski, miðað við þurrfisk.

Fyrir vatn í þækil skal greiða 10 aura á hverja tunnu.

Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 3.00 fyrir hverja smálest, en þó skal aldrei greiða minna en kr. 6.00 fyrir fiskiskip og kr. 12.00 fyrir önnur skip. Gjaldið skal greiða við móttöku.

12. gr.

Gjalddagi vatnsskattsins er 1. júní ár hvert. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

105

26. maí

13. gr.
Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi vatnsveitunefndarinnar.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 300 kr., nema þyngri hegning liggja við samkvæmt almennum lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

106

26. maí

REGLUGERÐ

um holræsi í Bolungavík.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefndin setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupþúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlýta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppsþjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 25.00 árlega, af hverju húsi og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húsanna, sem hér segir:

| | |
|--|-------|
| Af fyrstu kr. 5000.00 greiðist | 5 ‰ |
| — næstu — 5000.00 — | 3 — |
| — því, sem þar er fram yfir greiðist | 1,5 — |

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 25%.